



# „HLEYP Í BURTU“

**Unnar Snær Bjarnason, unglingameistari Íslands í karate**

Text: Þorgrímur Þráinsson  
Myndir: Þór Gíslason

„Ég myndi reyna að hlaupa í burtu,“ segir Unnar Snær Bjarnason, unglingameistari Íslands í karate að-spurður um hvað hann myndi taka til bragðs ef ráðist yrði á hann. „Ef ég ætti þess ekki kost myndi ég reyna að verjast en ef viðkomandi myndi ekki láta sér segjast myndi ég slá á móti. En fyrir alla muni á að reyna að forða sér á hlaupum, það segir þjálfarinn minn hún Jónína Ólsen.“

Unnar Snær sýndi mikla yfirburði í kata og kumite í sínum aldursflokk á unglingameistaramóti Íslands á dög-unum og varð þrefaldur meistari. Hann var einnig í sigurliði KFR í hópkata. Kumite er keppni tveggja einstaklinga í karate en kata er útfærsla á

ákveðnum æfingum íþróttarinnar. „Pegar við sláumst má aðeins snerta andstæðinginn, svokallað „skin-touch“ en slái maður of fast er dæmt refsistig og einnig er hægt að dæma mann úr leik fyrir að vera ógætinn og slá andstæðinginn svo hann beri þess merki. Það má snerta búkinn nokkuð vel í kumite en rétt að koma við andlitið. Karate er mikil nákvæmnisíþrótt og krefst mikillar þolinmæði.“

Unnar Snær hefur stundað karate í 5 ár, eða frá 8 ára aldri. Hann er Reykvíkingur í húð og hár og lítt gefinn fyrir sveitina. Auk karate hefur hann tölverðan áhuga á golfi og skíðaiðkun en segist aldrei myndi fórnar karate fyrir þær íþróttagreinar.

Hann hefur ætið aeft með Karatefélagi Reykjavíkur en þar er Goju Ryu stillinn æfður. En af hverju byrjaði hann í karate?

„Ég ætlaði mér að líkjast Bruce Lee. Ég sá flestar myndir sem hann lék í og heillaðist af honum. Annars er karate allt annað en það sem maður sér í bíómyndum en engu að síður er íþróttin stórskemmtileg.“

Mislit belti sem karateiðkendur hafa um sig miðja gefa til kynna styrkleika viðkomandi. Byrjendur fá hvítt belti til þess að halda karatebúningnum að líkamanum en síðan taka þeir próf og vinna sér inn eina gula rönd á hvítu beltid, síðan bætist önnur gul rönd við ádur en hann fær

„Það er svo margt sem togar í stráka þegar þeir verða 14-15 ára gamlir og nægir þar að nefna stelpur og party.“

að reyna við gula beltið. Sama gerist ádur en reynt er við græna beltið, brúna og það svarta sem alla dreymir um. „Nei, ég ekki byrjaður að hugsa um svarta beltið,“ segir Unnar Snær en hann er núna með græna beltið og hefur þegar náð á það tveimur brún-um röndum sem þýðir að hann reynir næst við brúna beltið. „Svarta beltið verður kannski komið um mittið á mér eftir 3-4 ár.“ Þess má geta að Unnar hefur ávallt náð þeirri gráðu sem hann hefur reynt við í fyrstu tilraun.

Unnar Snær og Arnar Orri bróðir hans sem er tveimur árum eldri byrjuðu samtímis í karate. „Amar er betri en ég í kumite, þegar við sláumst, en ég tel mig vera betri í kata. Annars er áhuginn eitthvað að dala hjá honum þannig að ég veit ekki hvort hann heldur áfram. Það var nokkuð stór hópur sem byrjaði í karate um leið og



við bræðurnir en við erum þeir einu sem eru eftir. Það er svo margt sem togar í stráka þegar þeir verða 14-15 ára og nægir þar að nefna party og stelpur.“

— Hvaða áhrif hefur karateiðkunin haft á þig?

„Í fyrsta lagi er ég betri íþróttamaður en ádur og mun sterkari. Maður lærir mikinn sjálfsaga og allt slíkt skilar sérlífinu almennt.“

Karatefélag Reykjavíkur flutti alla aðstöðu sína nýlega í kjallarann undir stúku Laugardalslaugarinnar og segir Unnar að aðstaðan í dag sé öllu betri en ádur. „Í Ármúlanum var gólf-ið það slæmt að maður átti á hættu að slasast á því.“

Hann aefir tvísvar sinnum í viku undir handleiðslu Jónínu Ólsen sem er með svarta beltíð og það finnst Unnari meiriháttar. „Hún er svakalega góð og mundi ég ekki vilja skipta á henni og öðrum þjálfara. Mér finnst við æfa allt of sjaldan en það stendur sem betur fer til bóta. Helst vildi ég æfa alla daga vikunnar.“

Eins og ádur sagði sýndi Unnar mikla yfirburði á unglingsameistaramóti Íslands en hann sagðist í flestum tilfellum hafa verið að keppa við sér yngri stráka. Í raun hefur hann aldrei tapað keppni í kata og hefur síðastliðin þrjú ár orðið unglingsameistari. „Jú, ég tapaði einu sinni þegar ég var 10 ára en þá var ég að keppa við 15 ára stráka. Annars mættu mótin vera fleiri hér á landi, það vantar verkefni fyrir okkur.“

— Áttu þér fyrirmynnd í karate?

„Já, þegar ég fór í æfingaferð til London sá ég Conní Ferm frá Svíþjóð keppa á Evrópumeistararamótinu í karate. Hann var alveg hrikalega góður og síðan heiði ég haldið upp á hann. Conní er nýbúinn að ná 4. dan í svarta beltinu.“

— Hver er besti karatemaður sem Ísland hefur átt?

„Atli Erlendsson. Hann var með 2. dan að ég held og var svakalega góður.“

— Eru skólafélagar þínir ekkert hræddir við þig vegna kunnáttu þinnar í karate?

„Nei, það held ég varla. Ég mæti nú aldrei í búningnum í skólann þannig að það stendur kannski ekki utan á mér að ég sé í karate. Pó vita það flestir en þeir myndu varla slást við mig, hvað þá ég við þá.“



„Ég fæ góða útrás heima því ég á finan boxpúða sem ég lem sundur og saman.“

— Langar þig aldrei til að fljúgast á?



„Þegar ég var nýbyrjaður í karate langaði mig það en ekki lengur. Ég fæ góða útrás heima því ég á finan boxpúða sem ég ímynda mér að sé bróðir minn og lem því sundur og saman,“ segir Unnar brosand. „Ég á líka boxbolta til að kýla og púða sem annar heldur á og ég get slegið og

sparkað í þannig að það dugar fullkomlega. Það þýðir ekkert annað en að æfa sig vel heima eftir árangur á að nást.“

— Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stóri?

„Ætli ég verði ekki bara „bissness-“maður hjá honum pabba mínum í Utilífi Glæsibæ.“

## Karatemeistarinn notar matinbleu...



**UTILÍFI**  
GLÆSIBÆ — SÍMI 82922